



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sýningarinnar
„Lífshlaup”
Listaverk úr einkasafni
Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur
Listasafni Kópavogs
9. desember 1999**

Góðir sýningargestir

Það er á margan hátt líkast ævintýri að fátæk þjóð sjómanna og bænda hafi á æviskeiði einnar kynslóðar öðlast sjálfstæði og notið víðtækra framfara, eignast fjölhæfa sveit skálda og listamanna sem með ljóðum og sögum, litadýrð á lérefti, höggmyndum og tónaflóði færðu Íslendingum sjálfsvitund sem í senn var rótföst í arfi fyrri alda og auðguð með sífelldri nýsköpun.

Á sama hátt og ljóðskáldin blésu sjálfstæðisbaráttunni í brjóst lífsanda og von gáfu listmálararnir þjóðinni á þessari öld nýja sýn á landið og náttúruna, litbrigði ljóss og skugga sem sífellt færa fjöll og jökla, kjarr og hraunmosa í ný klæði. Þessi sýn varð eins konar sjálfstæðisyfirlýsing og ættjarðaróður sem málverkið magnaði og styrkti uns hún snerti sérhvert hjarta.

Ævintýrið að vera Íslendingur varð með fullveldi og lýðveldistíma samofið snilldinni sem meistarar litanna nýttu til verka sem nú eru meðal

dýrgripa íslenskrar menningar, sönnun þess að við verðskuldum að vera þjóð meðal þjóða og eigum vissulega erindi við aðra.

Listasafn Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur er glæsilegur merkisberi þessarar sögu, einstakt framlag sæmdarhjóna, sterkur strengur í listahörpu okkar þjóðar. Vitundin og vitneskjan um safn þeirra Ingibjargar og Þorvaldar hefur í áratugi verið í senn áminning og hvatning um að varðveita á heilsteyptan hátt verk þeirra meistara sem þjóðinni eru kærastir.

Áminning til okkar allra að sjá til þess að snilldarinnar megi flestir njóta, að skyldan til varðveislu og söfnunar sé ekki aðeins hins opinbera og formlegra stofnana heldur einnig hvers og eins.

Hvatning um að færa framtíðinni vitnisburð um glæsilegt tímabil íslenskrar listsköpunar, gefa nýjum kynslóðum kost á því að sækja innblástur og sjálfsskilning í óðinn til Íslands, óðinn sem málverk meistaranna hafa flutt okkur á magnþrunginn hátt.

Safn Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur er hrífandi sönnun þess hve miklu er hægt að áorka þegar næmur skilningur, vilji og trúnaður við listina sjálfa fara saman við ættjarðarást og hollustu við íslenska menningu.

Við opnun þessarar einstæðu sýningar flyt ég þakkir íslenskrar þjóðar og votta þeim hjónum einlæga virðingu allra sem um ókomna tíð meta íslenska myndlist að verðleikum.

Í raun getur þjóðin aldrei nógsamlega þakkað það lífsverk sem hér birtist okkur að hluta en við heiðrum og lofum einstakt framlag til varðveislu íslenskra menningar, framlag sem ætíð um aldir og ókomna tíð verður máttargjörð í sköpunarsögu íslenskrar lista.

Um leið er listasafn sæmdarhjóanna sönnun þess hve vel er hægt að vinna á verkakri íslenskrar menningar þegar einstaklingar kjósa að helga þeim málstað afl sitt og auð. Þannig verður safn Þorvaldar og Ingibjargar athafnamönnum og atorkufólki sífellt hvatning til að huga vel að þakkargjörð til þjóðar sinnar, til menningar og sögu, nýsköpunar í list og anda.

Opnun sýningarinnar hér í dag er sannarlega merkisstund, vitnisburður við aldarlok um einstaka þjónustu við varðveislu íslenskrar myndlistar, opinberun okkur öllum um að safn Þorvaldar og Ingibjargar var og er meðal helstu bautasteina á öldinni sem senn er á enda; í raun enn fjölþættara og rismeira en nokkurn okkar gat grunað þó við höfum flest notið áður góðra stunda í návist margra þessara listaverka.

Hér sjáum við heildarmynd sem er svo innihaldsrík og einstök að hún, safnið sjálft er í sjálfu sér einstakt framlag til menningarsögu Íslendinga.

Ég færi fjölskyldu Þorvaldar og Ingibjargar, Listasafni Kópavogs og öðrum aðstandendum þessarar glæsilegu sýningar einlægur þakkir fyrir það lofsverða framtak að bjóða þjóðinni til þeirrar hátíðar ljóss og lita sem hér er haldin.

Um leið og ég opna sýninguna Lífshlaup flyt ég á ný þakkir og djúpa virðingu íslenskrar þjóðar. Megi orðstír sæmdarhjóna og lífshlaup á verkakri listarinnar ávallt skína skært í musturum íslenskrar menningar.